

Mánudaginn 26. nóv. 1934.

Nr. 158/1934. **Lárus Jóhannesson** (Sjálfur)

gegn

**Guðbrandi Magnússyni f. h. Áfengis-
verzlunar ríkisins og Eysteini Jóns-
syni f. h. ríkissjóðs og gagnsök**

(Pétur Magnússon).

Endurgreiðslukrafa vegna álagningar á vín, er veitingamanni voru seld til vínveitinga, eigi tekin til greina, með því að eigi var sannað, að hann hefði beðið neitt tjón, né að það hafi verið honum nokkur veruleg forsenda, að fylgt væri nákvæmlega lagafyrirmælum um álagningu á vínin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. okt. 1934: Stefnir, Guðbrandur Magnússon, f. h. Áfengisverzlunar ríkisins og fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, greiði stefnandanum, Lárusi Jóhannessyni, hrm., kr. 62190,50 með 5% ársvöxtum frá 29. dez. 1933 til greiðsludags innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, þó svo að vextir verði dæmdir 6% af kr. 13403,70 frá 31. dez. 1928 til 31. dez. 1929, af kr. 58616,90 frá 1. jan. 1930 til 31. dez. s. á. og af kr. 62190,50 frá 1. jan. 1931 til greiðsludags. Svo krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur hafa krafizt þess aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum aðaláfrýjanda, og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir

mati dómsins. Til vara hafa þeir krafizt þess, að kröfuupphæð aðaláfrýjanda verði færð niður í kr. 49132,97, og til þrautavara, að hún verði færð niður í kr. 55129,72, enda verði vextir, hver upphæðin, sem kynni að verða tekin til greina, aðeins dæmdir frá sáttakærudegi. Loks krefjast gagnáfrýjendur þess, að málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, ef aðaláfrýjanda yrðu dæmdar önnurhvor þeirra upphæða, er í varakröfum þeirra segir.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, var ágóði Alfred Rosenberg veitingamanns af vinveitingum í veitingahúsi hans fólgin í því, að hann skyldi hafa 10% afslátt af verði því, sem forráðamenn Áfengisverzlunar ríkisins settu á vín þau, er verzlunin seldi honum og ágóði þessi hlaut því að hækka eða lækka eftir því, sem verð vinnanna hækkaði eða lækkaði í sölunni til hans. Það verður því eigi litið svo á, að honum hafi verið það nokkur veruleg forsenda, er hann gekk að skilmálum þeim, er dómsmálaráðherra setti honum fyrir vinveitingarleyfinu í maí 1928, að fyrirmælum laga um hámarksálagningu á vinnin í heildsölu væri eða yrði nákvæmlega fylgt, svo framarlega sem sú álagning yrði eigi það há, að hún drægi það verulega úr veitingasölu hans á þeim, að hún minnkaði svo, að ágóði hans af henni í heild yrði verulega minni en hann hefði orðið með meiri sölu með lægra verði og því lægra ágóða af hverri seldri flösku. En á tapi af þessari ástæðu hefir aðaláfrýjandi ekki byggt neina kröfu í máli þessu. Aðaláfrýjandi hefir því hvorki sannað né gert sennilegt, að áðurnefndur veitingamaður hafi beðið nokkurt tjón af hinni ólöglegu álagningu á vinnin, og verður þegar af þessari ástæðu að taka til greina

kröfu gagnáfrýjenda um sýknun af endurgreiðslu-kröfu aðaláfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjendur, Guðbrandur Magnússon, f. h. Áfengisverzlunar ríkisins og Eysteinn Jónsson, f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum aðaláfrýjanda, Lárusar Jóhannessonar, í máli þessu.

Málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 27. jan. s. l. af Lárusi Jóhannessyni, hrm., hér í bæ, gegn Guðbrandi Magnússyni áfengisverzlunarforstjóra, f. h. Áfengisverzlunar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, til endurgreiðslu ólöglegri á meintri álagningu á vin, sem Alfred Rosenberg, veitingasali, hefir keypt af Áfengisverzluninni árin 1928—1930, að upphæð kr. 79756,58, auk vaxta og málskostnaðar að skaðlausu, en kröfu þessa hefir nefndur veitingasali framselt stefnanda.

Málavextir eru þeir, að í maímánuði 1928, keypti Alfred Rosenberg, veitingamaður, húseignina „Hotel Ísland“ með tilheyrandi gistihúss- og veitingahússrekstri, af dánarbúi J. L. Jensen-Bjerg, kaupmanns. Veitingahús þetta hafði, þegar undanþága var gerð um vinninnflutning í sambandi við svonefnda Spánarsamninga, fengið munnlegt leyfi stjórnarinnar til vinsölu og rekið hana síðan.

Vín það, sem selt var á veitingahúsinu, var keypt af Áfengisverzlun ríkisins, sem hafði á hendi einkasölu og einkainnflutning þess, samkvæmt gildandi lögum. Verðlag vinnanna var ákveðið þannig, að aðalstöð Áfengisverzl-

unarinnar, en við hana eina kveður stefnandi gistihúsið hafa haft viðskipti, setti útsöluverð á hverja vörutegund og með því verði skyldi gistihúsið selja vínin. Var miði límdur á hverja flösku, er sýndi útsöluverð hennar og var verðið sett 25% hærra en hver vintegund var seld fyrir í útsölustað hér í bænum. Frá þessu verði hafði svo fyrri eigandi veitingahússins fengið $33\frac{1}{3}\%$ afslátt. Réttindi til vinsölu kveður stefnandi að hafi fylgt með í kaupum gistihússins að áskildu samþykki hlutaðeigandi stjórnarvalda, og hafi við samningaumleitanir um gistihússöluna verið gengið út frá því sem gefnu, að hlutaðeigandi ráðuneyti samþykkti áframhald framangreinds fyrirkomulags, og verð húseignarinnar og atvinnurekstursins ákveðið með það fyrir augum. En þegar leitað hafi verið samþykkis stjórnarráðsins, hafi þáverandi dómsmálaráðherra neitað að framlengja vinsöluleyfið, nema með þeim skilyrðum, meðal annars, að afsláttur til veitingahússins væri lækkaður niður í 10% í stað $33\frac{1}{3}\%$ áður, og auk þess væri leyfið uppsegjanlegt hvenær sem væri, af hálfu dómsmálaráðuneytisins. Leyfinu hafi síðan verið sagt upp svo að segja fyrirvaralaust frá 1. febr. 1930. En þrátt fyrir þessa afsláttarlækkun, sem komið hafi fram sem hækkað kaupverð vinanna gagnvart hinum nýja eiganda gistihússins, þar sem útsöluverð þeirra hafi verið látið haldast það sama og áður, hafi hann ekki séð sér fært að hafna vinsölunni, enda hafi honum ekki komið til hugar eða hann haft ástæðu til að ætla, að Áfengisverzlunin að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, seldi honum vínin með ólöglega mikilli álagningu.

Nú heldur stefnandi því fram, að Áfengisverzlunin hafi lagt á vín þau, sem hún hafi selt fyrrnefndum veitingamanni, um lög fram. Samkvæmt lögum þeim, sem gilt hafi á þeim tíma, sem umrædd viðskipti áttu sér stað, en viðskiptin verði að sjálfsögðu að teljast heildsöluviðskipti, hafi hámarksálagning á áfengi í heildsölu verið 75% af verði þess, komins í hús að viðbættum tolli. En það hafi komið í ljós, þó ekki fyrr en eftir að búið var að svifta nefndan veitingamann vinsöluleyfinu, að útsöluverð Áfengisverzlunarinnar á vinum hér í Reykjavík til almennings, hafi að meðaltali árið 1928 verið 13,76% fyrir ofan mesta löglega heildsöluálagningu árið 1929, 25,67% hærra og

árið 1930 29% hærra. Við þessa ofálagningu Áfengisverzlunarinnar á vínunum til veitingahússins bætist svo öll þessi ár 25% verðlækkun frá hinu almenna útsöluverði verzlunarinnar að frádregnum hinum umsamda 10% afslætti til veitingamannsins af útsöluverði gistihússins. Heldur stefnandi því fram í sáttakærunni, að Áfengisverzlunin hafi þannig árið 1928 tekið af veitingahúsinu um lög fram kr. 18456,54 fyrir vín þau, sem það hefir keypt af henni, árið 1929 hafi ofálagningin numið kr. 58917,83 og árið 1930 kr. 2382,21, en upphæðir þessar nema samtals hinni umstefndu fjárhæð kr. 79756,58 og hefir stefnandi í stefnu málsins krafizt að fá hana tildæmda ásamt 6% ársvöxtum af kr. 18456,54 frá 31. des. 1928 til 31. des. 1929, af kr. 77374,37 frá 1. jan. 1930 til 1. marz 1931 og af allri upphæðinni kr. 79756,58 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu eins og áður greinir. Undir rekstri málsins hefir stefnandi lækkað kröfu sína niður í kr. 62190,50 á þeim grundvelli, að umfram álagning Áfengisverzlunarinnar á víninu til veitingahússins meðan A. Rosenberg hafði vinsöluna á hendi, hafi aðeins numið þessari upphæð og hefir hann krafizt dóms fyrir henni.

Endurheimtukröfuna byggir stefnandi á því, að þar sem Áfengisverzlunin hafi lagt framangreinda upphæð á vínin í viðskiptum hennar við oftnefndan veitingamann um lög fram, og hann hafi greitt hið ákveðna verð í góðri trú um það, að honum væri það skylt, þar sem hann hafi hvorki getað vitað að Áfengisverzlunin héldi sér ekki innan löglegra takmarka um álagningu eða haft nokkra ástæðu til að ætla slíkt, þá hafi Áfengisverzlunin og rikissjóður hér tekið undir sig ólöglegan og óréttmætan gróða, sem veitingamaðurinn hafi átt, en hann (stefnandi) eigi nú vegna framsals réttmætt tilkall til að fá endurgreiddan.

Stefndir hafa ekki véfengt það, að hér hafi verið um heildsöluviðskipti að ræða eins og stefnandi heldur fram, og eðlilegast virðist að líta svo á, að svo hafi verið í raun og veru, sbr. ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 65 frá 18. júlí 1922 og 4. gr. reglugerðar nr. 67 frá 24. ág. 1928, en reglugerðir þessar fjalla um sölu umræddra vína. Þá hefir stefnandi haldið því fram ómótmælt, að Rosenberg hafi ekki fengið að skila aftur vínbirgðum sínum, er hann var sviftur vinsöluleyfinu, enda þótt hann hefði fengið vínin fyrir

hærra verð en aðrir gátu keypt þau í smásölu. Þá hafa stefndir heldur ekki véfengt það, að þar sem um heildsöluviðskipti sé að ræða, hafi Áfengisverzluninni í réttu lagi verið óheimilt að leggja meira á vinnin en 75% af kostnaðarverði þeirra, enda verður að telja þessu slegið föstu með hæstaréttardómi í málinu nr. 14/1930 uppkveðnum 30. apríl s. l. Í dómi þessum er gert ráð fyrir því, að verðslagsákvæði 7. og 11. gr. laga nr. 62 frá 1921 tækju einnig til Spánarvínanna, jafnframt því, sem því er slegið föstu með dóminum að verðslagsákvæði 7. gr. laga þessara svo og 7. gr. laga nr. 69 frá 1928 eigi við heildsölu álagningu.

Loks hafa stefndir ekki neitað því, að umfram-álagning Áfengisverzlunarinnar hafi numið upphæð þeirri, kr. 62190,56, sem stefnandi hefir gert kröfu til.

Hinsvegar hafa stefndir mótmælt kröfum stefnanda og krafist sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum á þeim grundvelli, að samkomulag hafi orðið um það milli oftnefnds veitingamanns og ríkisstjórnarinnar, að hann fengi aðeins 10% í sölulaun af útsöluverði vinnanna (hótelverðinu). Þessi samningur hafi verið gerður af frjálsum vilja af veitingamannsins hálfu, meira að segja hafi hann sókst eftir vinsöluinni með þessum kjörum og sé samningurinn því fullbindandi fyrir hann, hvort sem hann hafi leitt til hagnaðar eða taps. Þá telja stefndir, að því hærra verð, sem sett hafi verið á vinnin, því hærri sölulaun hafi Rosenberg fengið og hafi því ofálagningin leitt til hagnaðar en ekki tjóns fyrir hann og geti hann af þessum ástæðum ekki átt rétt til neinnar endurgreiðslu.

Í máli þessu er enginn ágreiningur um það að smásöluverð vinnanna (hótelverðið) hafi verið sett með löglegum hætti. En rétturinn lítur svo á, að þar sem hér var um heildsöluviðskipti að ræða milli Áfengisverzlunar ríkisins sem heildsala annarsvegar og veitingamannsins sem smásala hinsvegar, að þá hafi veitingamaðurinn einn átt rétt til mismunarins milli löglegs heildsöluverðs og löglegs smásöluverðs, nema einhver atvik liggi til, er sýni það, að hann hafi afsalað sér eða fyrirgert þessum rétti sínum. Nú verður að fallast á það hjá stefnanda að Rosenberg hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, og að hann hafi ekki getað vitað betur er hann gekk inn á að taka 10% í sölulaun frá Áfengisverzluninni af útsöluverði (hó-

telverði) vinnanna, en að hann fengi vinnu með löglegu heildsöluverði, og ganga verður út frá því, að þetta atriði hafi verið veruleg forsenda (ákvörðunarástæða) fyrir samningum af hans hálfu, ef það hefði borið á góma við samningsgerðina og stefndum hafi átt að vera það ljóst.

Verður því, nú er það er komið fram, að með þessum hætti hefir Rosenberg keypt vinnu með ólöglega háu heildsöluverði, ekki álitid að hann sé bundinn við fyrrgreint samkomulag, og verður þá framangreind sýknuástæða stefndra ekki tekin til greina.

Þar sem það hefir þannig samkvæmt framansögðu komið fram í málinu, að Áfengisverzlunin hefir lagt meira á vinnu þau, sem hún seldi Rosenberg, en lög stóðu til, og því hefir ekki verið neitað að umfram-álagningin nemi hinni umkröfðu fjárhæð kr. 62190,50, og með því og að réttargrundvöll þykir vanta fyrir Áfengisverzlunina eða ríkissjóð til þess að halda hinni ólöglega teknu upphæð, þykir verða að dæma þau til að endurgreiða hana ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 29. dez. f. á. til greiðsludags, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Miðvikudaginn 28. nóv. 1934.

Nr. 7/1934. Árni Sigurðsson

gegn

Gíslínu Sigurðardóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni Sigurðsson, er eigi hefir mætt eða látið mæta, þá er málið skyldi flutt, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju í hæstarétti.

Af hálfu stefnda var mætt og krafizt ómakshóta,